

---

# Sparnaðarlíftrygging

Ársyfirlit 2018

---

## Vísitala neysluverðs (verðbólga)

Vísitala neysluverðs hækkaði um 3,25% á árinu 2018 sem er veruleg breyting frá undanförunum árum, en vísitalan hefur verið undir verðbólgu markmiði Seðlabanka Íslands (2,5%) samfelld sl. 4 ár.

Húsnæðisliðurinn hefur mest vægi í vísitölu neysluverðs og var helsti hækkunarliðurinn á árinu og var með ríflega þriðjung af hækkun vísitölnnar. Aðrir liðir hækkuðu minna en nánast allir liðir í vísitölnni hækkuðu á árinu. Eftir nokkuð langt tímabil sterkrar krónu gaf íslenska krónan eftir gagnvart helstu gjaldmiðlum sem hafði víðtæk áhrif til hækkunar á verðlagi.

Spár gera ráð fyrir að verðbólga árið 2019 verði um 3,5%. Töluverð óvissa ríkir um þróun verðbólgu á árinu m.a. vegna kjarasamninga. Þróun á íbúðaverði á árinu og gengi íslensku krónunnar eru veigamiklir þættir sem hafa áhrif á verðbólgunu. Væntingar eru um að húsnæðisverð hækki um 5% á árinu 2019.

## Stýrivextir

Seðlabanki Íslands (SÍ) skipti um vaxtagír á árinu og hækkaði stýrivexti (meginvexti) úr 4,25% í 4,50% í nóvember sl. Fyrir vaxta-hækkunina var SÍ búinn að halda stýrivöxtum óbreyttum í ár eftir vaxtalækkunarferli.

Við ákvörðun stýrivaxta á komandi ári segist SÍ munu horfa á niðurstöðu kjaraviðræðna og fleiri efnahagsþætti í hagkerfinu, m.a. hagvöxt, gengisþróun, aðhald opinberra fjármála og verðbólgu.

## Gengi íslensku krónunnar

Gengi krónunnar var frekar stöðugt framan af ári en krónan byrjaði að veikjast í byrjun september og náði gengið lággildi gagnvart helstu viðskiptamyntum í desember sl. Óvissa með rekstrarhæfi WOW og niðurstöðu kjaraviðræðna höfðu veruleg áhrif á þá þróun.

Árið 2018 veiktist krónan um 12,2% gagnvart Bandaríkjadollar, 8,0% gagnvart evru og um 5,9% gagnvart bresku pundi.

Seðlabankinn beitti óverulegum inngripum á gjaldeyrismarkaði á síðari hluta ársins til að hægja á veikingu íslensku krónunnar.

## Erlendir sjóðir

Sjóðir í ávöxtun hjá Henderson Global Investors

### Evrópusjóður

Meðalársávöxtun		
Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
12 mánuðir	-13,0%	-16,1%
24 mánuðir	2,9%	0,1%
48 mánuðir	0,4%	-1,9%

Fjárfestingarstefna	Lágmark	Hámark
Evrópsk hlutabréf	55%	95%
Evrópsk smáfyrtækni	5%	45%

**Markmið:** Fjárfesta í stórum sem smáum evrópskum fyrirtækjum og ná fram stöðugri ávöxtun með áhættudreifingu.

### Skuldabréfasjóður

Meðalársávöxtun		
Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
12 mánuðir	5,3%	1,5%
24 mánuðir	6,9%	4,0%
48 mánuðir	-2,3%	-4,5%

Fjárfestingarstefna	Lágmark	Hámark
Alheimsskuldabréf	60%	100%
Evrópsk skuldabréf	0%	40%

**Markmið:** Fjárfesta í skuldabréfum um allan heim.

### Alheimssjóður

Meðalársávöxtun		
Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
12 mánuðir	-1,0%	-4,5%
24 mánuðir	6,5%	3,6%
48 mánuðir	2,0%	-0,4%

Fjárfestingarstefna	Lágmark	Hámark
Evrópsk hlutabréf	10%	50%
Amerísk hlutabréf	10%	50%
Japönsk hlutabréf	5%	35%
Hlutabr. í Kyrrahafslöndum	0%	20%

**Markmið:** Fjárfestingar eru í hlutabréfum stórra sem smárra fyrirtækja um allan heim á flestum stærstu mörkuðunum.

### Þróunarsjóður



Meðalársávöxtun		
Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
12 mánuðir	-6,6%	-10,0%
24 mánuðir	7,0%	4,1%
48 mánuðir	2,1%	-0,2%

Fjárfestingarstefna	Lágmark	Hámark
Evrópsk hlutabréf	10%	50%
Evrópsk smáfyrtækni	10%	50%
Nýmarkaðir	5%	35%
Hlutabréf tæknifyrirtækja	0%	20%

**Markmið:** Fjárfestingar eru að hluta til í evrópskum hlutabréfum og á nýjum vaxandi hlutabréfamörkuðum.

## Erlendir sjóðir

Gengisþróun



---

## Innlendur skuldabréfamarkaður

Árið 2018 var hagfelld fyrir flesta skuldabréfaeigendur og hækkaði aðalvísitala skuldabréfa Kauphallar Íslands (NOMXIBB) um 6,6%. Talsvert munaði á ávöxtun verðtryggðra og óverðtryggðra skuldabréfa á árinu og hækkaði t.a.m. verðtryggða vísitalan (NOMXIREAL) um 8,3% á árinu. Til samanburðar hækkaði óverðtryggða vísitalan (NOMXINOM) um 2,7%.

Allir flokkar verðtryggðra ríkisskuldabréfa skiluðu jákvæðri raunávöxtun á árinu og sömuleiðis var jákvæð raunávöxtun á sértryggðum skuldabréfum banka og sveitarfélaga. Af verðtryggðum ríkisskuldabréfum skilaði flokkurinn RIKS 21 hæstu ávöxtuninni á árinu upp á 8,7%.

Óverðtryggð ríkisskuldabréf sem eru með lokagjalddaga á tímabilinu frá árinu 2022 til 2031 voru með neikvæða raunávöxtun á árinu en jákvæð raunávöxtun var á óverðtryggðum skuldabréfum með styttri líftíma og skilaði RIKB 20 hæstu ávöxtun eða 4,3%.

---

## Innlend hlutabréf

Innlendur hlutabréfamarkaður átti erfitt uppdráttar á síðasta ári sem skýra má að hluta með ójafnvægi í framboði og eftirspurn á markaðnum. Stærri fjárfestar og stærstu hlutahafar skráðra hlutabréfa voru frekar óvirkir í viðskiptum á markaðnum og dróst veltan á markaðinum saman um 19% milli ára.

Helstu áhrifaþættir á markaðnum á árinu 2018 voru óvissa með niðurstöðu kjara- viðræðna, áhyggjur af stöðu flugfélaganna og kólnun hagkerfisins.

Af 18 félögum sem eru skráð á Aðallista Kauphallar Íslands hækkaði gengi hjá fjórum félögum og lækkaði hjá tólf. Vísitala aðallista, sem mælir hlutabréfverð allra skráðra hlutafélaga, lækkaði um 2,8%.

Mesta lækkunin var á gengi Sýnar 38,3%, Icelandair um 34,2% og flest fasteignafélögin lækkuðu um 13 - 18%. Hagar hækkuðu um 30,3% eftir að hafa lækkað um 33,8% árið 2017. Marel hækkaði um 16,1% og Skeljungur um 13,1%.

Tvö ný hlutafélög voru skráð á Aðallista Kauphallarinnar, fasteignafélagið Heimavellir og Arion banki.

## Innlendir sjóðir

Sjóðir í ávöxtun hjá VÍB,  
eignastýringarþjónustu Íslandsbanka

### Ríkissjóður

Meðalársávöxtun		
Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
12 mánuðir	6,9%	3,1%
24 mánuðir	7,3%	4,4%
48 mánuðir	7,0%	4,5%

Fjárfestingarstefna	Lágmark	Hámark
Ríkisskuldabréf	0%	90%
Innlán/laust fé	0%	10%

**Markmið:** Ná stöðugri og öruggri ávöxtun með aukningu eigna í vaxtatekjum og gengishagnaði af innlendum ríkisskuldabréfum.

### Innláns- og ríkisskuldabréfasjóður

Meðalársávöxtun		
Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
12 mánuðir	5,5%	1,7%
24 mánuðir	8,1%	5,2%
48 mánuðir	5,8%	3,4%

Fjárfestingarstefna	Lágmark	Hámark
Innlán	0%	40%
Skuldabr. m. ábyrgð ríkisins	60%	100%

**Markmið:** Að ná stöðugri ávöxtun með aukningu eigna í vaxtatekjum og gengishagnaði.

### Hlutabréfasjóður

Meðalársávöxtun		
Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
12 mánuðir	-7,9%	-11,3%
24 mánuðir	-7,2%	-9,7%
48 mánuðir	3,5%	1,1%

Fjárfestingarstefna	Lágmark	Hámark
Innlend hlutabréf	90%	100%
Laust fé	0%	10%

**Markmið:** Langtímaaukning með gengishagnaði og arði af innlendum hlutabréfum.

### Íslensk skuldabréf

Meðalársávöxtun		
Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
12 mánuðir	7,0%	3,2%
24 mánuðir	7,5%	4,6%
48 mánuðir	7,9%	5,4%

Fjárfestingarstefna	Lágmark	Hámark
Innlán/laust fé	0%	20%
Ríkisverðbréf	60%	100%
Önnur skuldabréf	0%	20%

**Markmið:** Markmið sjóðsins er að skila góðri ávöxtun og áhættudreifingu með því að fjárfesta einkum í innlendum skuldabréfum. Allur arður verður endurfjárfestur. **Ekki er lengur hægt að fjárfesta í þessum sjóði.**

## Innlend verðbréf

Meðalársávöxtun		
Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
12 mánuðir	4,5%	0,7%
24 mánuðir	5,4%	2,5%
48 mánuðir	8,0%	5,5%

Fjárfestingarstefna	Lágmark	Hámark
Innlend hlutabréf	0%	20%
Ríkisskuldabréf	40%	100%
Önnur innlend skuldabréf	0%	20%
Innlán/laust fé	0%	20%

**Markmið:** Ná fram eignaaukningu til lengri tíma með vaxtatekjum, gengishagnaði, arðgreiðslum af innlendum ríkisskuldabréfum og hlutabréfum. Mikil eignadreifing. **Ekki er lengur hægt að fjárfesta í þessum sjóði.**

## Íslensk verðbréf

Meðalársávöxtun		
Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
12 mánuðir	5,7%	1,9%
24 mánuðir	6,3%	3,4%
48 mánuðir	8,1%	5,6%

Fjárfestingarstefna	Lágmark	Hámark
Innlend hlutabréf	0%	20%
Ríkisskuldabréf	40%	100%
Önnur innlend skuldabréf	0%	20%
Innlán/laust fé	0%	20%

**Markmið:** Ná fram eignaaukningu til lengri tíma með vaxtatekjum, gengishagnaði, arðgreiðslum af innlendum ríkisskuldabréfum og hlutabréfum. Mikil eignadreifing. **Ekki er lengur hægt að fjárfesta í þessum sjóði.**

## Blandaður hlutabréfasjóður

Meðalársávöxtun		
Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
12 mánuðir	-3,5%	-7,0%
24 mánuðir	-1,0%	-3,7%
48 mánuðir	1,3%	-1,0%

Fjárfestingarstefna	Lágmark	Hámark
Erlend hlutabréf Sjóvár	35%	35%
Innlend hlutabréf Sjóvár	65%	65%

**Markmið:** Aukning eigna til langs tíma með gengishækkun og arði af innlendum og erlendum hlutabréfum. Mikil eignadreifing. **Ekki er lengur hægt að fjárfesta í þessum sjóði.**

## Erlendur vaxtasjóður

Meðalársávöxtun		
Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
12 mánuðir	-1,5%	-5,1%
24 mánuðir	5,3%	2,4%
48 mánuðir	-0,2%	-2,6%

Fjárfestingarstefna	Lágmark	Hámark
Innlán/laust fé	0%	10%
Erlend hlutabréf	90%	100%

**Markmið:** Markmið sjóðsins er langtímaaukning eigna með gengishagnaði og arði af erlendum hlutabréfum. Eignadreifing er mikil. **Ekki er lengur hægt að fjárfesta í þessum sjóði.**

## Erlend hlutabréf


Meðalársávöxtun		
Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
12 mánuðir	-1,2%	-4,7%
24 mánuðir	5,4%	2,5%
48 mánuðir	-0,3%	-2,7%

Fjárfestingarstefna	Lágmark	Hámark
Innlán/laust fé	0%	10%
Erlend hlutabréf	90%	100%


**Markmið:** Markmið sjóðsins er langtímaaukning eigna með gengishagnaði og arði af erlendum hlutabréfum. Eignadreifing er mikil. **Ekki er lengur hægt að fjárfesta í þessum sjóði.**

## Innlendir sjóðir

Gengispróun



## Lokaðir sjóðir



---

## Erlend verðbréf

Miklar sveiflur voru í ávöxtun erlendra hlutabréfa í íslenskum krónum á liðnu ári. Skýrist það bæði af miklum verðsveiflum á erlendum hlutabréfamörkuðum og á gengi íslensku krónunnar gagnvart helstu gjaldmiðlum. Nánast allar helstu hlutabréfavísitölur í heiminum lækkuðu á árinu í heimamynt eftir eitt lengsta hækkunartímabil hlutabréfa síðan í heimskreppunni. Veiking íslensku krónunnar gagnvart helstu gjaldmiðlum vó á móti gengislækkun hlutabréfa í heimamynt sem hafði jákvæð áhrif á ávöxtun í íslenskum krónum.

Breytingar á erlendum hlutabréfavísitölum gefa góða mynd af þróun hlutabréfaverðs í heiminum. Árið 2018 hækkaði heimsvísitala hlutabréfa MSCI, sem mælir gengi rúmlega 1.600 hlutafélaga í heiminum, um 2,7% í ISK (lækkaði um 8,7% í USD). Bandaríska hlutabréfavísitalan S&P 500 hækkaði í ISK um 5,5% (lækkaði um 6,2% í USD). Evrópska hlutabréfavísitalan lækkaði um 4,1% í ISK (10,5% í evrum) og breska hlutabréfavísitalan FTSE100 lækkaði um 7,3% í ISK (12,4% í pundum).

Vextir eru enn í sögulegu lágmarki í flestum löndum á evrusvæðinu og fleiri löndum en hafa verið á uppleið í Bandaríkjunum. Stýrivextir voru hækkaðir fjórum sinnum á sl. ári í Bandaríkjunum. Lágt vaxtastig hefur endurspeglast í lágri ávöxtun á flestum skuldabréfamörkuðum.

Tollastríð Bandaríkjanna og Kína, Brexit umræðan í Bretlandi og aukin þjóðernishyggja í mörgum löndum hefur skapað óróleika og óvissu á hlutabréfa- og skuldabréfamörkuðum.

Mikilvægt er að hafa í huga að gengisþróun íslensku krónunnar gagnvart helstu viðskiptamyntum hefur áhrif á ávöxtun erlendra eigna í íslenskum krónum. Veiking íslensku krónunnar á árinu 2018 hækkaði ávöxtun erlendra eigna í Bandaríkjadollar, evrum, breskum pundum og fleiri myntum. Íslenska krónan veiktist gagnvart Bandaríkjadollar um 12,4%, um 7,2% gagnvart evru og 5,6% gagnvart breska pundinu sem hækkaði ávöxtun eigna í Bandaríkjadollar, evrum og pundum í íslenskum krónum.

Tölur í ársyfirliti þessu eru birtar með fyrirvara um innsláttarvillur.

---

Þú getur fengið nánari upplýsingar um sparnaðarlíftryggingar hjá okkur í síma **440 2000** og á [sjova.is](http://sjova.is).

---